

Ed.

395. Breytingartillögur

[68. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 17. gr. Aftan við greinina bætist ný grein, er verði 18. gr., svo hljóðandi (greinatalan breytist samkv. því):

Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra slysa, sem þeir bera samkv. 32. gr. laga nr. 41 19. maí 1930, þannig, að Tryggingastofnunin greiði hinum slasaða, auk dagpeninga skv. 53. grein laganna, fullt kaup eða aflahlut í eina viku frá afskráningardegi að telja.
2. Við 21. gr. Á eftir 21. gr. komi ný grein, er verði 22. gr. (í IV. kafla), og breytist greinatalan samkv. því. Greinin orðist svo:
 1. Frá 1. júlí 1950 skal erfðafjárskattur skv. l. nr. 30 frá 27. júní 1921 og arfur skv. 33. gr. erfðalaga frá 1949 renna í varasjóð Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 100. gr. laganna.
3. Við 23. gr. Greinin orðist svo:

Nú er tekjum manns og eignum þannig háttað samkv. skattskrá, að sveitarstjórn bæri að greiða iðgjald hans samkv. ákvæðum 1. málsg. 109. gr., og getur þá sveitarstjórn leitað álits yfirskattanefndar um það, hvort honum sé samt sem áður fært að greiða iðgjaldið. Telji nefndin, að svo sé, er honum skylt að greiða iðgjaldið, þrátt fyrir ákvæði greinarinnar.
4. Við 32. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

Tryggingarráð getur ákveðið, að auk þeirra frjálsu slysatrygginga, sem Tryggingastofnuninni er heimilt að taka að sér samkv. 3. másl. 1. málsg. 135. greinar laganna, skuli stofnunin einnig veita félagssamtökum íþróttamanna kost á að kaupa slysatryggingu fyrir meðlimi sína, þegar þeir taka þátt í opinberri íþróttakeppni eða æfingum og námskeiðum undir stjórn viðurkenndra íþróttakennara, enda fáist endurtrygging fyrir a. m. k. 75% áhættunnar.